

## Vefaðgangur að RIS-kerfi Læknisfræðilegrar Myndgreiningar

Með vefaðgangnum geta lækningar sent rafrænar beiðnir og nálgast öll röntgensvör (frá 1993) og myndir (frá árinu 2005) fyrir rannsóknir sem gerðar eru hjá Læknisfræðilegri Myndgreiningu (LM) eða samstarfsstofnunum (Sjúkrahúsið á Ísafirði, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilsugæslan á Höfn).

Áður en vefaðgangur er opnaður þarf að undirrita samning um aðgang að vefkerfi LM.

Sótt er um aðgang til Arndísar Magnúsdóttur kerfisstjóra hjá LM á sérstöku eyðublaði. Arndís býr til aðganginn og í framhaldi af því fær lækningar leiðbeiningar um hvernig tengingu er komið á. Ganga þarf frá tæknilegum atriðum í tölvu notanda (oftast í gegn um síma) áður en hann getur tengst.

Vefslóðin er: <http://risweb.rd.is>

Ekki er hægt að nota aðra vafrara en Microsoft Internet Explorer, version 6 eða nýrri.

Þegar farið er inn á innskráningarsíðuna kemur upp gluggi eins og sá á myndinni hér til hægri.

Sláðu inn notandanafn og lykilorð (frá LM)

Við blasir svona síða:



Vinstra megin á skjánum eru hnappar þar sem viðfangsefni er valið.

Hér á eftir eru nokkrar algengar aðgerðir útskýrðar.

Á öftustu síðunni má finna algengar spurningar og svör

Þegar **Beiðnir** er valið birtist ný stika þar sem hægt er að velja **Gera nýja**



Þegar **Gera nýja** er valið birtist beiðnaform

**Ný beiðni**

**Upplýsingar um sjúkling**

Kennitala  Nafn:

Heimasími

Vinnusími

GSM

---

**Beiðni**

Tilvisandi læknir  Nafn:

Hvaða rannsókn óskast

Sjúkrasaga

Spurning


Dags- og tími beiðni:

Senda til

Tegund

Athugasemd sendanda

Ef skjár er stilltur á minna en 1280x1024 upplausn sést ekki allt beiðnaformið í einu, notið





- Þegar beiðni er gerð má ekki ýta á á ENTER fyrr en beiðni er tilbúin
- Sláið inn **kennitölu sjúklings** (ekki nota bandstrik) og ýtið á **Tab**-takkann.
- Nafn sjúklings birtist.
- Athugið að amk **eitt símanúmer** sé til staðar.
- Setjið inn **læknanúmer** (pitt) og **Hvaða rannsókn óskast** (að lágmarki).
- Æskilegt er að fylla einnig inn í reitina Sjúkrasaga (eyðið "Sjá beiðni") og Spurning
- Hægt er að senda beiðnir á samstarfsstofnanir LM (valið í **Senda til**)

Um leið og ýtt er á **Staðfesta** neðst á beiðnaformi er beiðnin komin í beiðnabiðröð röntgendeildar. Hringt verður í sjúkling við fyrsta tækifæri.



Veljið **Saga einstaklings**, þá birtist reitur fyrir kennitölu. Sláið hana inn (án bandstriks) og ýtið á enter.



Þá birtist listi yfir allar rannsóknir sem sjúklingur hefur farið í hjá LM og samstarfsdeildum. Ekki skiptir máli hvaða læknir sendi einstakling í rannsókn.

27.09.2010	12:00	RTG Brjósthol	RTG LUNGU
22.09.2010	14:30	RTG Brjósthol	RTG LUNGU
22.09.2010	13:10	RTG Brjósthol	RTG LUNGU 
08.09.2010	10:10	RTG Brjósthol 	UMSÖGN FRÁ ÖÐRUM
31.08.2010	07:50	RTG Lungu og sinusar	RTG LUNGU

Táknin í línunum þýða að með því að smella á þau er hægt að:


-  Skoða svar
-  Hlusta á svar
-  Skoða myndir

Ekki er hægt að lesa svar fyrr en það er staðfest af röntgenlækni, en ef til er hljóðupptaka er hægt að hlusta á hana.


Það getur truflað birtingu svars ef Word er opið, ef svar birtist ekki, lokið Word og reynið aftur.

Glugginn sem birtist er líkur því sem sést hér fyrir neðan. Nokkur atriði um notkun:

- Myndir raðast sjálfvirk upp á nokkra vegu á blöð sem hægt er að velja á milli á stikunni neðst á skjánum.
- **Patient Mini Archive** er litli glugginn framan við myndirnar. Þar má sjá lista yfir myndir sem sjúklingu á fyrir *Same Body Part* / *Same Body Part and Modality* / *All studies* eftir því hvað er valið. Því miður flokkast ekki allar eldri myndir rétt hér.
- Hægt er að sækja myndir í Mini Archive með músinni (smella á mynd og draga í stóra ramma).
- Stundum eru margar myndir í einum bunka og þá er hægt að fletta með stikunni hægra megin í rammanum.
- Með flýtihnöppunum á tækjastikunni efst er hægt að skipta skjá á annan veg, stækka myndir, mæla stærðir og lengdir, stilla birtu og kontrast mynda (ef hnappur er valin færirst virkni í v-múshnapp) og snúa þeim. Sé músin sett yfir hnapp kemur hjálpartexti sem skýrir hvað viðkomandi hnappur gerir.



Í þessum glugga er hægt að sjá hvernig beiðnum miðar. Það koma sjálfkrafa skilaboð sem láta vita um stöðu beiðna. Best er að eyða skilaboðum jafnóðum og þau eru lesin því skilaboðaskjóðan getur yfirfyllst. Hægt er að merkja í reit aftast og eyða öllum merktum í einu.



Athugið að það má raða skilaboðunum með því að smella á fyrirsögn dálksins (eða gráa svæðið) en ef smellt er á hvíta kassann í dálkfyrirsögninni þá opnast gluggi þar sem hægt er að velja nánar (t.d. ákveðna kennitölu).

Hægt er að fækka dálkum sem sjást með því að nota **Stilla dálka**, t.d. taka út dálka með upplýsingum sem ekki nýtast og gefa þannig öðrum dálkum meira pláss.



## Hér er hægt að breyta völdum stillingum

Það er mismunandi milli notenda hvort þessi hnappur er virkur.

Hér má velja hvaða röntgendeild (heitir Spítali á forminu) er sjálfgefinn á beiðnaforminu (í **Senda til**).

Almennt **Sjálfgefið** Lykilorð/Undirskrift Skilaboða áskrift

Spítali: LM

Deild:

Sjálfgefin rannsóknartegund: Venjuleg

Sjálfgefinn PACS þjónn: Default

Í lagi Hætta við

Done Internet

Athugið að hér er boðið upp á að breyta lykilorði, en í raun er ekki hægt að breyta lykilorði nema í gagnagrunni LM. Hafa þarf samband við kerfisstjóra (Árndísi).



## Algengar spurningar og svör

### Ris-web opnast ekki

Athugið að það getur þurft að ræsa VPN tengingu sérstaklega.


### Hvernig eru dálkar stilltir?

Raðað í stafrófsröð:

V- smellt á gráa hluta dálkfyrirsagnar.

Velja hvað er birt:

V-smellt í hvíta kassann í dálkfyrirsögninni og velja það sem á að vera á listanum og “setja síu”. Þegar sía er á kemur hak í hvíta kassan.



### Er hægt að skoða eða breyta beiðni sem bíður afgreiðslu hjá Röntgendeild ?

Í yfirlitsglugganum sem birtist þegar **Beiðnir** er valið er listi yfir allar beiðnir um rannsóknir sem ekki er búið að gefa tíma (og einnig beiðnir sem hafa verið endursendar eða hafnað). Hægt er að skoða beiðni með því að umlýsa viðkomandi línu (eins og sést á myndinni) og velja síðan “Skoða eða breyta” hnappinn á stikunni fyrir ofan.

Sé beiðni breytt eða bætt við hana þarf að velja “Staðfesta” til að vista breytingu.

Beiðnir						
Dags	Tími	Nafn	Kt.	Tegund	Sent til	Staða
04.03.2011	13:21	Prufusjúklingur ÞpýýáÐ Jónsson	010101-AAA9	Venjuleg	LM	Endursent
04.03.2011	13:04	Sunnar Þ. Jónsson	010202-1110	Venjuleg	LM	

Athugið að ýta ekki á kennitölu til að velja línuna, því þegar það er gert opnast yfirlitsglugginn **Saga einstaklings**, og þar sjást einungis rannsóknir sem er búið að gera.

Með því að nota **Hjálp** hnappinn vinstra megin á síðunni má lesa hjálpartexta á ensku.